



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 4. september 2018

SFS2017080026

143. fundur

HG/db

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi endurbætur á húsnæði leikskóla

Á 122. fundi skóla- og frístundaráðs, 9. ágúst 2017 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Ljóst er að viðhaldi á leikskólum hefur verið verulega ábótavant um árabíl. Nauðsynlegu viðhaldi leikskólabygginga hefur ekki verið sinnt svo árum skiptir og þeir hafa verið að drabbast niður og sums staðar er staðan orðin svo alvarleg að húsnæðið er talið heilsuspillandi. Við þessu ástandi þarf að bregðast skjótt við og ekki er boðlegt að bjóða börnum og starfsfólki upp á heilsuspillandi húsnæði. Óskað er upplýsinga um hvernig meirihlutinn mun beita sér fyrir því að bæta úr þessu grafalvarlega ástandi. Þá er þess óskað að fá ítarlegar upplýsingar eftir leikskólum hvaða endurbóta er þörf og hvenær verði ráðist í þær.

Svar:

Búið er að vinna 3-5 ára viðhaldsáætlun leik- og grunnskóla Reykjavíkurborgar. Fasteignastjórar hverfanna hittu alla stjórnendur leik- og grunnskólanna haustið 2017 þar sem farið var yfir húsnæðið. Í kjölfarið var gerð kostnaðaráætlun og unnin forgangsöröðun viðhaldsverkefna.

Viðhaldsfjármagn leikskóla árið 2017 var 277 mkr. og árið 2018 var það 468 mkr. Samkvæmt fyrstu drögum að viðhaldsáætlun vegna ársins 2019 verður fjármagn leikskólahlutans 590 mkr.

Meðfylgjandi er ástandsskoðun leikskólanna og þar kemur fram hvaða leikskólar þurfa viðhald. Gert er ráð fyrir að flokkur 3 sé í forgangi og verði framkvæmdur á árinu 2018. Flokkur 2 á árunum 2019/2020 og flokkur 1 á árunum 2020/2022. Þessi ástandsskoðun verður gerð árlega og skýrslan uppfærð miðað við hana.